

Ed.

592. Nefndarálit

um frv. til laga um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um tillögur í þessu máli. Meiri hlutinn getur fallist á, að heppilegt sje, að fatnaður og munir skipverja sju trygðir fyrir tapi og skemdum, en álitur hinsvegar, að kostnað þann, er leiðir af því að halda þessum munum trygðum, eigi skipverjar sjálfir að greiða, þar eð hið trygða er þeirra eign og skaðabætur eiga, ef til kemur, að renna til þeirra sjálfra.

Iðgjöldin fyrir hverja einstaka slíka tryggingu eru ekki há, og vel tilvinnandi fyrir skipverja að tryggja sig fyrir því tapi, sem þeir geta orðið fyrir af þeim ástæðum, sem í frv. greinir. Á hinn bóginn álitur meiri hl. ekki ástæðu vera til þess, nje sanngirni mæla með því, að láta útgerðarmenn greiða iðgjaldið, eins og frv. ætlast til. Með lögum nr. 44, 27. júní 1925, um slysatryggingar, var allþungur skattur lagður á útgerðarmenn, og finst meiri hl. ekki rjett, að enn sje haldið áfram með að íþyngja þessum mönnum með nýrri skyldutryggingu, sem þeim sje ætlað að bera kostnaðinn af.

Ekki síst er þetta athugaveit, þegar þess er gætt, hver áhrif verðfall afurðanna hefir á afkomu sjávarútvegsins nú sem stendur, þar eð áreiðanlegt er, að lækkun tilkostnaðarins við framleiðslu þessa atvinnuvegar er engan veginn samsvarandi verðlækkun afurðanna.

Þá virðist meiri hl., að sú upphæð, er í frv. er nefnd sem lágmark fyrir tryggingu á fatnaði og munum skipverja á 20 tonna bátum og þar fyrir neðan, muni í flestum tilfellum vera of há. Sjaldnast munu skipverjar á slíkum bátum hafa meira meðferðis en þau fót, er þeir standa í, og ætti því að mega lækka þetta um helming, eða niður í 200 kr., þar sem um lágmarksupphæð er að ræða. Hafi skipverji af einhverjum ástæðum fatnað eða muni með sjer, sem eru meira virði en lágmarkstryggingarupphæðinni nemur, gæti hann laganna vegna, annaðhvort með samkomulagi við útgerðarmann eða á annan hátt, sjeð um, að tryggingarupphæðin væri hækkuð. Meiri hl. vill ekki, að trygging sje keypt á verðmæti, sem ekki er fyrir hendi, en að því virðist umrætt ákvæði frv. stefna, ef það er samþykkt óbreytt.

Með því, eins og segir hér að framan, að nefndin telur til bóta, að fatnaður og munir skipverja sjuu tryggðir, en hinsvegar varlegt að treysta því, að skipverjar yfirleitt sjái sjálfir um trygginguna, vill meiri hlutinn fallast á það, að útgerðarmanni sje skylt að sjá um, að tryggingin sje í lagi, en álitur, að iðgjaldið eigi að endurgreiðast útgerðarmanni með því að það sje dregið af kaupum eða hlut skipverja. Þá álitur meiri hl. ennfremur, að rikissjóður eigi að vera laus við útgjöld í þessu skyni.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað »400 kr.« í niðurlagi 2. málsg. 1. gr. komi: 200 kr.
2. 2. gr. orðist þannig:

Iðgjald fyrir tryggingu greiðir útgerðarmaður, og skal hann draga það af kaupum eða hlut skipverja.

Alþingi, 13. maí 1927.

Björn Kristjánsson,
form.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskr., frsm.